

367. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 9. apríl 2026 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir  
Björn H Hilmarsson  
Frída Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

- 1) **Bréf frá Umboðsmanni barna, dags. 10. apríl 2026, varðandi sveitarstjórnarkosningar 2026 og lýðræðislega þátttöku barna.**  
Lagt fram til kynningar.
- 2) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 9. apríl 2026, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Sveins Gíslasonar um leyfi til að reka gististað í flokki II, minna gistiheimili, að Fossi í Staðarsveit, Snæfellsbæ.**  
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Sveins Gíslasonar, um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, að Fossi í Staðarsveit, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 3) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 10. apríl 2026, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Nónhúss ehf. um leyfi til að reka gististað í flokki II, frístundahús, að Miðhúsum í Breiðuvík, Snæfellsbæ.**  
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Nónhúss ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, frístundahús, að Miðhúsum í Breiðuvíkurbreppi, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 4) **Bréf frá Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 8. apríl 2026, varðandi umsögn um frumvarp til laga um lagareldi, 529. mál.**  
Lagt fram til kynningar.
- 5) **Bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, dags. 31. mars 2026, varðandi úthlutun úr styrktarsjóði EBÍ**  
Lagt fram til kynningar.
- 6) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
  - a) Bæjarstjóri sagði frá tölvupósti sem barst um kauptilboð í íbúð í Fossabrekku 21. Bæjarráð telur ekki ráðlegt að Snæfellsbær kaupi fleiri íbúðir.
  - b) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslu mánaðarins sem stefnir í að vera mjög góð.
  - c) Bæjarstjóri sagði frá styrk sem fékkst frá Jöfnunarsjóði vegna betra aðgengis í Ráðhúsið.
  - d) Bæjarstjóri ræddi starfsmannamál.
  - e) Bæjarstjóri sagði frá fundi varðandi sölu á eignum Snæfellsbæjar á Jaðri til ríkisins.
  - f) Bæjarstjóri fór yfir undirbúning vegna sumarsins.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:24


Handwritten signatures and initials in blue ink, including "BHA", "FS", and "JG".

  
Jónína Björg Ottarsdóttir

  
Björn H Hilmarsson

  
Friða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri

  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari